



## *Land og lýðveldi I., fyrri hluti. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1965.*

---

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Bók - Greinasafn – Ritgerðir – Ræður – Land og Lýðveldi – Almenna  
Bókafélagið – Hörður Einarsson – Reykjavík - 1965

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-6, Örk 4


©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BJARNI BENEDIKTSSON

LAND

OG

LÝÐVÆLDI



AB

1921  
Bj.

BJARNI BENEDIKTSSON

LAND OG LÝÐVELDI

LAND  
OG  
LÝÐVELDI

FRÖSKRIFT

1921

1921

FRÖSKRIFT AB

949.1  
Bja

# BJARNI BENEDIKTSSON

LAND OG LYÐVELDI

# LAND OG LYÐVELDI

FYRRI HLUTI

*Breidholtsskóli*  
*Skólakennari*

ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ · **AB** · REYKJAVÍK · 1965

BREIDHOLTSSKÓLI

Almenna bókafélagið  
Reykjavík  
Bók mánaðarins  
marz 1965

Hörður Einarsson  
sá um útgáfuna

Setning og prentun: Víkingsprent hf.  
Bókband: Sveinabókbandið hf.  
Kápa: Tómas Tómasson

## FORMÁLSORÐ

Í riti þessu birtist úrval eða sýnishorn af ritgerðum, ræðum og blaðagreinum frá rösklega 30 ára ferli Bjarna Benediktssonar sem fræðimanns, bæjarfulltrúa og borgarstjóra í Reykjavík, alþingis-  
manns og forystumanns í lofasókn þjóðarinnar til fulls stjórn-  
frelsis, utanríkisráðherra og forgöngumanns um þátttöku Íslands  
í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, flokksforingja og forystumanns  
í stjórnarandstöðu og nú síðast sem forsætisráðherra og fremsta  
valdamanns þjóðarinnar. Þær ræður og ritmiðar, er notaðar voru  
sem efniviður í þetta rit, skiptu því hundruðum. Verður ekki full-  
yrt, að þær þeirra, sem hér eru birtar, séu allar hinar beztu, enda  
komu ýmis önnur sjónarmið til greina við val þeirra. En ætlunin  
er, að af efni bókarinnar í heild megi fá nokkra svipmynd af  
ferli forsætisráðherrans, þeim málum, sem hann hefur helzt látið  
til sín taka og fjallað um, og nokkra hugmynd um grundvallar-  
skoðanir hans og viðhorf. Um leið verður hér að nokkru leyti um  
að ræða sögu ýmissa þýðingarmestu þjóðmála Íslendinga á undan-  
förnum áratugum.

Það hefur orðið að ráði að skipta efni ritsins í tvö bindi, og  
mun seinna bindið koma út síðar á þessu ári. Í þessu bindi er  
einkum fjallað um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, stjórnskipun og  
utanríkis- og öryggismál. Í síðara bindinu verða svo ræður og rit-  
gerðir um landhelgismálið, atvinnuhætti og efnahagslíf, íslenzkt  
þjóðerni og menningararfð, Reykjavík fyrr og nú, minningar um  
merka Íslendinga o. fl. Auk þess mun mannaafnaskrá yfir bæði  
bindin fylgja hinu síðara.

Sá kostur var valinn við skipun efnisins að raða því fyrst og  
fremst eftir málaflökkuðum, þó að þeirri reglu sé að vísu ekki fylgt  
út í æsar. Af þessum sökum er oft aðeins birtur hluti ræðu eða

ritsmíðar, því að tíðum er fjallað um fleiri efni en eitt í sama sinn. Einnig hefur reynzt nauðsynlegt að grípa til úrfellinga til þess að forðast endurtekningar. Ég hef þó alls ekki talið rétt eða æskilegt að sneiða algerlega hjá endurtekningum röksemda og sköðana, enda sýndi það ranga mynd af heildarviðhorfum höfundarins. Ekki hefur mér þótt ástæða til að auðkenna úrfellingar með strikálínu nema sums staðar, en yfirleitt er þess getið sérstaklega aftan við þær greinar, sem ekki eru birtar í heild, að aðeins sé um hluta greinar eða kafla úr grein að ræða.

Við lestur margs þess, sem hér birtist, verður að hafa í huga, á hvaða tíma það er flutt eða ritað. Hef ég á nokkrum stöðum talið rétt að rita stutta (skáletraða) inngangskafila framan við einstakar greinar eða ræður, einkum til glöggvunar á atburðum eða ástandi, er varða efni það, sem fjallað er um. Athugasemdir neðanmáls eru einnig gerðar af mér, utan nokkrar, sem höfundurinn hefur sjálfur gert, og auðkenndar eru með upphafsstöfum hans.

Fyrirsagnir eru ýmist valdar af mér eða fyrri fyrirsögnum áður birts efnis haldið, en ekki hef ég talið ástæðu til að greina frá uppruna þeirra hverju sinni. Mest af efni bókarinnar hefur birt áður, og er þá birtingarstaðar getið aftan við hverja grein, en sé birtingarstaður ekki nefndur, er um áður óbirt efni að ræða.

Reykjavík, 7. maí 1965,

Hörður Einarsson.

## EFNI

### I SJÁLFSTÆÐI ÍSLANDS

Stefnan í sjálfstæðismálinu er mörkuð

15

Sjálfstæði Íslands og atburðirnir vorið 1940

20

Ályktanir Alþingis vorið 1941 um stjórnskipun og sjálfstæði Íslands

35

Lýðveldi á Íslandi

48

Sjálfstæðisbaráttan í hundrað ár

75

### II STJÓRNSKIPUN

Sáttmálinn 1262 og einveldishyllingin 1662

95

Deildir Alþingis

116

Þingræði á Íslandi  
132

Bráðabirgðalög og afstaða Alþingis til útgáfu þeirra  
151

Stjórnskipulegur neyðarréttur  
162

Endurskoðun stjórnarskrárinnar  
177

## III

## ÖRYGGISMÁL ÍSLANDS OG UTANRÍKISSTEFNA

Okkar gamla vernd — fjarlægðin — er úr sögunni  
205

Í sveit lýðræðisríkjanna  
219

Tilheyrum frjálsum samfélagi frjálsra þjóða  
227

Landinu tryggðar varnir  
229

Afstaða Íslands getur skipt máli  
234

Utanríkis- og öryggismálin á tíu ára afmæli lýðveldisins  
236

Breytt viðhorf frá 1949 og 1951  
241

Deilurnar um varnarmálin 1956—1958  
247

Atlantshafsbandalagið í tíu ár  
258

Hernaðarþýðing Íslands og hlutverk  
í vörnum Atlantshafspjóðanna  
261

Íslendingar vilja leggja fram sinn skerf  
í baráttunni fyrir friði og frelsi  
268

Ísland, Norðurlönd og efnahagssamvinna Evrópuþjóðanna  
272

Ísland í vestrænni samvinnu  
276

## LAND OG LÝÐVELDI

er í megindráttum samtíðarfrásögn þeirra viðburða, sem hæst ber í sögu Íslands á síðustu áratugum, speglar viðhorf þjóðarinnar í sókn og sigrum, en einnig átök að baki atburðanna. Hér fylgjast lesendurnir stig af stigi með baráttunni fyrir endurreisn hins íslenzka lýðveldis, gerast vitni þess, hvernig þjóðin sækir með festu og þrautseigju rétt sinn, og síðast en ekki sízt, hvernig henni tekst að tryggja sjálfstæði sitt og vinna málstað sínum helgi á alþjóðavettvangi.

Í fyrra bindi ritsins, því, sem hér birtist, er einkum fjallað um þá þætti þjóðmálabaráttunnar, sem að öðrum þræði vita út á við, ýmist stjórnarfarslega eða efnahagslega, auk þess sem þar eru m. a. rakin ýmis sagnfræðileg rök sjálfstæðisbaráttunnar. Í síðara bindinu, sem út kemur í haust, er að meginhluta rætt um önnur þau mál, sem nánar vita að efnahagslegri og menningarlegri sérstöðu Íslendinga, og ennfremur er þar að finna ritgerðir og minningaþætti um nokkra af helztu afburðamönnum þessa tímabils.

## LAND OG LÝÐVELDI

er rammíslenzk bók að efni og orðfæri. Þó að þar sé víða við komið, er einn og samur sá andi, sem gengur í gegnum allt ritið — umhyggja fyrir frelsi Íslands, framförum þess og menningaröryggi.



Breiðholtsskóli 6281151